

# STYKKISHÓLMUR

PÓSTÁRITUN 340



*Láttu Hólminn heilla þig – á golfvöllinum, tjaldstæðinu, í sundlauginni, gamla bænum, við höfnina, við eyjarnar. Verið ævinlega velkomin.*

Stykkishólmur er þekktur ferðamannabær sem gott er að heimsækja. Bærinn er m.a. þekktur fyrir gömlu húsin, gott íþróttalíf, eyjasiglingar, sumartónleikaröð í Stykkishólmskirkju, Danska daga og blómlegt menningarstarf.

Tilvalið er að skella sér í nokkurra daga heimsókn í Hólminn, koma sér vel fyrir á tjaldsvæðinu, rölja sér á golfvöllinn og spila nokkrar holur, skella sér svo í sund og hafa það huggulegt. Öll nauðsynleg þjónusta er í göngufæri frá tjaldsvæðinu og því bara hægt að leggja bílnum við komu og snerta hann ekki fyrr en við brottför.

## Hoppaðu í Hólminn

Á innan við 300 metra radíus er tjaldsvæði, golfskáli Mostra, sundlaug og íþróttasvæði, bensínstöð og bakarí, verslunarmiðstöð og lögregla. Öll nauðsynleg þjónusta í göngufæri frá tjaldsvæðinu. Gamli bærinn og hafnarsvæðið í nokkurra mínútna göngu- fjarlægð.



Ein glæsilegasta sundlaug landsins 25 m. löng, heitir pottar með heilsuvatni, innlaug og 57 metra löng rennilaug.



9 holu golfvöllur, golfskáli, þjónustumiðstöð fyrir tjaldstæði

Golfklúbburinn Mostri Stykkishólmi  
s. 438-1075 [www.golf.is](http://www.golf.is)  
<http://www.stykk.is/eythor/gms/index.html>



Kortagerð: Ólafur Vassson Copyright ©